

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2014

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til lagaum breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta), þingskjal 2 -2. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1998, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta. Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að lægra þrep virðisaukaskatts hækki úr 7% í 12%, að hærra þrepið lækki úr 25,5% í 24% og almenn vörugjöld verði afnumin frá og með 1. janúar 2015.

BSRB leggst alfarið gegn hækkun á neðra virðisaukaskattsþrepi sem lagt er til í frumvarpinu. Boðuð skattahækkun mun hækka nauðsynjavörur á borð við matvæli og heitt vatn umtalsvert í verði. Þessi aðgerð mun bitna harðast á þeim sem síst skyldi og minnst hafa á milli handanna. Þannig hefur BSRB verulegar áhyggjur af því að breytingin leiði til hærra verðlags og auki þar með álögur á heimilin í landinu.

Þá telur BSRB það alls ótryggt að þær mótvægisáðgerðir sem ráðist er í með hækkun barnabóta muni vege upp skattahækkanir helstu nauðþurfta og koma þannig til móts við aukin útgjöld þeirra tekjulægstu. BSRB telur óeðlilegt að barnabætur skerðist hjá fólki á lágmarkslaunum og því ætti að hækka skerðingarmörk þeirra. BSRB bendir á að stór hluti þeirra efnaminni hafa ekki börn á framfæri og njóta því ekki mótvægisáðgerða vegna skattahækkanna. Auknar byrðar eru lagðar á þennan stóra hóp. BSRB telur nauðsynlegt að áhrif áðgerðanna verði metnar með ítarlegri hætti og auk þess telur bandalagið að fjármálaráðuneytið hafi ekki sýnt fram á að hækkunin komi þeim tekjulægri til góða.

BSRB telur þannig alls óásættanlegt að leggja auknar álögur á heimilin í landinu í formi hækkunar á neðra þrepi virðisaukaskatts sem eigi að að skila um 11 milljörðum í ríkissjóð á sama tíma og afnám auðlegðarskatts felur það í sér að ríkissjóður verður af um 11 milljarða tekjum sé miðað við tekjur af auðlegðarskatti á þessu ári. BSRB gerir alvarlegar athugasemdir við þá forgangsroðun stjórnvalda sem þarna birtist.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri